

Jón Gíslason

Hlutur íslenskunnar í nýju B.A.- og M.A.-námi í norrænum fræðum í Berlín

Efniságrip: Fyrir tveimur árum var tekið upp þriggja ára B.A.-nám við háskólana í Berlín en fram til þessa hafa stúdentar við flesta háskóla í Þýskalandi lokið sinni fyrstu háskólagráðu (Magister) eftir fimm ára nám. Þegar fyrsti árgangurinn hefur lokið sínu B.A.-námi í norrænum fræðum (Skandinavistik) í Berlín haustið 2007 stendur stúdentum með B.A.-gráðu til boða tveggja ára framhaldsnám í norrænum fræðum á M.A.-stigi við Norður-Evrópustofnun Humboldt-háskólans þar sem kennsla í Norðurlandamálum fer fram.

Í þessum fyrirlestri er ætlunin að gera aðeins grein fyrir stöðu íslenskunnar í hinu nýja námsskipulagi og hvaða breytingar hin nýja námstillhögun hefur á kennslu í bæði nútímaíslensku og forníslensku. Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að íslenskukennslu almennt í Þýskalandi og koma svo að þeim breytingum sem þar eiga sér stað núna.

I. Íslenskukennsla í Þýskalandi

Við á annan tug háskóla í Þýskalandi hefur verið boðið upp á nám í norrænum fræðum. Norræn fræði hefur verið hægt að taka sem aðal- eða aukagrein til Magistersprófs en námið er 5 ára langt. Þess má geta að kennsla í a.m.k. forníslensku fer ekki eingöngu fram við norrænustofnanir heldur eru líka dæmi um að haldið sé uppi kennslu í forníslensku við t.d. þýskustofnanir einstakra háskóla, þótt þar séu annars ekki kennd norræn fræði að neinu marki. Það sama má segja um kennslu í öðrum Norðurlandamálum. Við allnokkra háskóla, sem ekki hafa yfir norrænustofnun að ráða, er reglulega boðið upp á einstök námskeið í norrænum málum, einkum í sænsku.

Á þessari ráðstefnu og á lektorafundi, sem haldinn er í tengslum við hana, erum við fimm sem sinnum íslenskukennslu við háskóla í Þýskalandi. Auk mín í Berlín, eru hér mættir kennarar frá háskólunum í Kiel, München, Erlangen og Greifswald og þar að auki frá háskólanum í Vín svo allt þýska málsvæðið sé tekið með. Þar að auki er nokkuð reglulega haldið uppi kennslu í íslensku við nokkra aðra háskóla í Þýskalandi. Sú kennsla er oftast innt af hendi af íslenskum stúdentum sem stunda nám við viðkomandi skóla. Er hér um stundakennslu að ræða, en eins og þeir sem þekkja til í Þýskalandi vita þá er stundakennsla þar mjög illa launuð og raunin oft sú að þeir sem koma að þeirri kennslu endast stutt í starfi.

Sumar stofnanir, þar sem norræn mál eru kennd, eiga í vök að verjast og dæmi um að kennsla hafi verið lögð niður í norrænum málum við þýska háskóla á þeim niðurskurðartímum sem staðið hafa yfir síðustu ár í Þýskalandi. Þetta á við um háskólana í Bochum og a.m.k. tímabundið í Hamborg. Í Hamborg verður boðið upp á nám í Norðurlandafræðum þar sem Eystrasaltslöndin eru dregin inn og aukin áhersla lögð á sögu, mál og menningu þeirra landa.

Svo ég snúi mér að Berlín þá voru norrænudeildirnar tvær þar í borg sameinaðar fyrir tólf árum, árið 1994. Þar með var endi bundinn á kennslu norrænna mála við Freie Universität, háskólann í Vestur-Berlín, en kennslu í norrænum fræðum haldið áfram á nýrri og öflugri stofnun við Humboldt-háskólann, sem lenti austan múrs á sínum tíma. Hin nýja stofnun fékk nafnið Nordeuropa-Institut eða Norður-Evrópustofnun. Er hér um að ræða stærstu stofnun norrænna fræða í Þýskalandi þar sem hægt er að leggja stund á dönsku,

norsku, sænsku, íslensku og finnsku. Nám, kennsla og rannsóknir ná yfir norræn miðaldafræði, nútímabókmenntir, málvísindi og í fyrsta sinn í Þýskalandi menningarfræði.

Á Norður-Evrópustofnuninni við Humboldt-háskólann í Berlín eru fjórar prófessorsstöður. Auk þeirra starfa nú þrjú gestaprófessorar við stofnunina, þar af standa Norðmenn og Svíar straum af kostnaði vegna tveggja þessara gestaprófessora. Lektorar frá Norðurlöndunum fimm sjá svo að miklu leyti um málakennsluna. Síðustu árin hafa Ísland og Finnland greitt helming kostnaðar á móti Humboldt-háskólanum vegna íslensku og finnsku lektorastaðanna. Afleiðingar mikils niðurskurðar í Berlín á síðustu árum koma til með að skilja eftir sig spor á næstu árum. Má nefna að stofnunin hefur í sparnaðarskygni skuldbundið sig til að auglýsa dönsku og sænsku lektorsstöðurnar sem hlutastöður þegar þær losna næst, nema til komi fjárstuðningur annars staðar frá.

Saga íslenskukennslu í Berlín hefur verið slitrótt þar til samningar tókust milli íslenska ríkisins og Humboldt-háskólans um að fjármagna lektorsstöðu í íslensku í sameiningu frá haustinu 2002 til fimm ára. Í nokkur ár þar á undan höfðu Soffía Gunnarsdóttir og Andreas Vollmer haldið uppi kennslu í íslensku og nemendum staðið til boða að taka námskeið í íslensku rétt eins og í hinum norrænu málunum. Á næstunni kemur svo í ljós hvort samningar takast um áframhaldandi stuðning íslenskra stjórnvalda við íslensku lektorsstöðuna.

II. Nýtt námsskipulag

Eins og víðar við evrópska háskóla standa yfir mismiklar breytingar á námsskipun háskólanáms og eru þýskir háskólar að aðlaga sig þessu samræmda fyrirkomulagi. Síðustu misseri hefur hið nýja námsskipulag verið tekið upp við marga þýska háskóla og verður innleitt í öðrum á næstunni. Í stað gömlu Magistersgráðunnar er tekið upp þriggja ára B.A.-nám og tveggja ára M.A.-nám eins og við þekkjum frá Íslandi. Við þann skóla sem ég starfa, Humboldt-háskólann í Berlín, var hið nýja BA-nám tekið upp haustið 2004 og lýkur þar með fyrsti árgangur B.A.-nema því á næsta ári. Að ári verða svo teknir inn fyrstu nemendurnir í M.A.- eða Mastersnámið.

Í raun kallast nýju gráðurnar í Þýskalandi yfirleitt upp á ensku „Bachelor“ og „Master“. Þar með er verið að yfirgefa latneska titilinn „Magister“ sem til langs tíma hefur verið notaður um fyrsta háskólapróf í Þýskalandi. Þegar fyrsta prófgráða verður veitt eftir þriggja ára nám í stað fimm ára segir sig sjálf að nauðsynlegt reyndist að gera talsverðar breytingar á náminu og ætla ég ekki að rekja þær allar hér en minnst á nokkrar sem snerta íslenskuna.

Áður þurftu nemendur, hvort sem þeir tóku norræn fræði sem aðal- eða aukagrein, að læra eitt skandinavískt mál, yfirleitt stóð valið á milli dönsku, norsku og sænsku og stundum íslensku. Við sumar stofnanir eru málin, sem boðið er upp á, færri. Þeim tiltölulega fáu nemendum í Berlín og München¹, sem völdu íslensku sem aðalmál, var gert að læra líka eitt skandinavísku málanna að minnsta kosti svo vel að þeir væru lesfærir á því máli. Þjóðverjum veitist yfirleitt auðvelt að læra skandinavísku málin og þeir sem þar að auki hafa vald á íslensku eru fljótir að tileinka sér lestrarkunnáttu í skandinavísku máli. Þessi aukakrafa á þá sem völdu íslensku sem sitt aðalmál var því ekki ýkja þung byrði.

Í Berlín eru norrænu málin danska, norska og sænska kennd auk íslenskunnar og svo finnskunnar sem í Berlín er kennd hjá okkur á Norður-Evrópustofnuninni. Finnskan er annars við suma háskóla kennd á annarri stofnun en þeirri norrænu og þá oftast með ungversku og öðrum finnsk-úgrískum málum.

Í nýja B.A.-náminu í Berlín er sem fyrr hægt að taka norræn fræði sem aðal- eða aukagrein þar sem nemendur velja sér eitt mál sem þeir eiga að læra til hlítar. En nú er líka

¹ Höfundur greinarinnar var sendikennari í íslensku í München á árunum 1997-2002 áður en hann hóf kennslu í Berlín.

boðið upp á þriðja möguleikann, nefnilega þann að taka norræn fræði sem aðalgrein „til 90 eininga“ eins og kallað er hér við Háskóla Íslands. Er þá ekki lögð stund á neina aukagrein og nefnist þessi möguleiki „Monofach“ á þýsku og hefur reynst mun vinsælli en gert var ráð fyrir. Þetta hefur komið íslenskunni vel því þeir nemar sem velja norræn fræði til 90 eininga þurfa að læra tvö mál; eitt skandinavískt og að auki annaðhvort íslensku eða finnsku. Með þessu hefur orðið mikil breyting á stöðu íslenskunnar, og finnskunnar, því þar með hafa þessi tvö mál orðið skyldugreinar fyrir hluta stúdenta. Nemendum stendur til boða jafnlangt nám í íslensku, nú eða þá finnsku, og í hinu málinu sem er danska, norska eða sænska. Það er því ekki um það að ræða að skandinavíska málið sé aðalmál og íslenska eða finnska einhvers konar aukamál, þó auðvitað nái þeir ekki jafn mikilli færni í íslensku eða finnsku eins og í hinu málinu nema með því að leggja þeim mun meira á sig.

Við Norður-Evrópustofnunina er fjöldatakmörkun þannig að aðeins eru teknir inn um 90 nýnemar ár hvert, eða haust hvert því það er bara á vetrarmisseri sem byrjendanámskeiðin eru kennd. Af þessum 90 nýnemum hefur rúmur þriðjungur valið að taka norræn fræði til 90 eininga, eða hátt í 40 nemar, og þar með hafa þeir staðið frammi fyrir því að þurfa að velja milli íslensku og finnsku strax á fyrstu önn. Mér skilst að stundum hafi hrein tilviljun ráðið því hvort finnska eða íslensk varð fyrir valinu, en auðvitað eru svo aðrir sem eru ákveðnir í að læra íslensku eða þá finnsku. Sömuleiðis er stundum um hreina tilviljun að ræða þegar velja þarf milli dönsku, norsku og sænsku þó oft sé reynt að beina óákveðnum stúdentum í dönsku eða norsku vegna mikillar aðsóknar í sænsku. Síðustu tvö árin völdu aðeins fleiri B.A.-nemar finnsku en íslensku, þ.e.a.s. af þeim nemum við Norður-Evrópustofnunina sem þurftu að velja milli þessara mála. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart því árin þar áður voru nemendur heldur fleiri í finnsku en í íslensku.

Í B.A.-náminu hefja þeir nemendur, sem stunda norræn fræði eingöngu, nám í tveimur málum strax á fyrstu önn. Hafa bæði margir nemendur og aðrir gagnrýnt þá tilhögun að þurfa að byrja á tveimur tungumálum samtímis, en mér finnst þó ekki bera meira á því en áður að nemendur sletti skandinavísku eða blandi málum. Það er helst að nemendur séu enn ergilegri en áður þar sem þeir sjá kannski betur í nýja skipulaginu hversu hægar þeim fer fram í íslenskunni heldur en í hinu norræna málinu. Í fyrra námsskipulagi voru stúdentar yfirleitt komnir nokkuð áleiðis í hinu málinu þegar þeir koma að íslenskunni og samanburðurinn var þar af leiðandi ekki jafn einfaldur.

Þau tvö ár, sem ég hef kennt á B.A.-stigi, hefur verið áberandi hversu áhyggjufullir stúdentar eru og spyrja mig hvernig í ósköpunum þeir eigi að geta staðist próf í íslensku þegar þeir eiga í fullu fangi með að komast klakklaust í gegnum prófin í skandinavíska málinu sem þeim finnst þó miklu einfaldara en íslenskan. Öll málfræðin í skandinavísku málunum er afgreidd á fyrsta ári og prófað í henni að loknu öðru misseri. Í íslenskunni verður yfirferðin hægari og jafnvel eftir annað árið get ég ekki gert sömu kröfur um almenna málfærni og gerðar eru í sænsku, dönsku eða norsku eftir eins árs nám. Þarf ég að koma stúdentum í skilning um þetta og telja í þá kjarkinn sem ekki þurfti í sama mæli áður fyrir þegar íslenskan var oft bara leikur og tilbreyting frá aðalnáminu.

Ein afleiðing þess að nemendur þurfa að velja milli íslensku og finnsku er sú að svolítill samkeppni hefur orðið um nemendur milli mín og finnskulektorsins. Ef íslenskan þykir of erfið, svo dæmi sé tekið, þá er viðbúið að nemendur flýi yfir í finnsku. Í hitteðfyrra, fyrsta árið sem boðið var upp á B.A.-námið, gerðist einmitt það að þrír nemendur hættu hjá mér og skiptu yfir í finnsku. Tveir þeirra hættu reyndar fljótlega í finnsku líka og sá þriðji, sem var með forkunnáttu í finnsku, ákvað að halda sig við hana. Þetta endurtók sig hinsvegar ekki í ár.

Annars hefur samstarf mín og finnskulektorsins í Berlín verið mjög gott og hefur verið fróðlegt að fylgjast með nemendum sem byrja í finnsku og íslensku á fyrsta misseri samhliða því að hefja nám í öðru skandinavísku máli. Ég hef fundið fyrir talsverðri „frústrasjón“ þar sem nemendur bera stöðugt árangur sinn í íslenskunni saman við framfarirnar í hinu málinu

sem er danska, norska eða sænska og er þá sá samiburður íslenskunni að sjálfsgöðu óhagstæður. Nemendum finnst þeir varla geta komið út úr sér heilli setningu á óbjagaðri íslensku meðan þeir eru orðnir nánast altalandi á hinu málinu. Kennslan þar er nær eingöngu á viðkomandi skandinavísku máli og nemendur tala fljótlega óhindrað við kennara sinn á því máli, lesa skáldsögur og halda fyrirlestra á viðkomandi máli. Þessi samiburður verður íslenskunni óhagstæður meðan slíkur samiburður þykir ekki jafn sjálfsgöður þegar finnskan á í hlut því flestir eru meðvitaðir um að finnskan er erfitt mál enda allsóskyld þýskunni, móðurmáli flestra stúdenta, og af annarri málaætt.

Mér finnst „frústrasjón“ minna nemenda beinast einna mest að málfræðinni sem reynist þeim erfið, og þá einna helst óreglan í íslenskri málfræði. Með málfræði á ég hér fyrst og fremst við beygingarfræðina. Finnsk málfræði er hinsvegar mjög regluleg og ég hef á tilfinningunni að nemendur kenni aðallega sjálfum sér um ef þeir hafa ekki náð tökum á finnsku málfræðinni. Aftur á móti þegar íslensk málfræði vefst fyrir nemendum mínum þá kenna þeir oft óreglunni í íslenskunni um, en ekki því að þeir hafi ekki sjálfir lagt nógu mikið á sig við lærdóminn.

Ég held líka að íslenskukennarinn fari hraðar yfir ýmislegt í kennslunni af því að íslenskan er germanskt mál og á svo margt sameiginlegt með móðurmáli nemenda, þýskunni, og auðvitað mikið sameiginlegt hinu norræna málinu sem þeir leggja stund á eða kunna. Finnskukennari neyðist aftur á móti til að fara hægari yfir þó ekki sé nema vegna orðaforðans sem er öllu meira framandi í finnsku en í íslensku. Öll yfirferð verður því hægari þar og nemendur hafa meiri tíma til að melta það sem farið er í.

Framburðurinn er erfiður í íslensku en mínir nemendur ná yfirleitt góðu valdi á honum enda legg ég mikla áherslu á framburðinn strax á fyrsta misserinu. Eilíft vandamál eru atriði eins og aðblástur og afröddun sem ekki eru táknuð sérstaklega í íslensku ritmáli. Það hljóð sem flestir Þjóðverjar eiga í mestum erfiðleikum með í íslenskunni, errið, er hinsvegar alveg jafnerfitt í finnsku.

Annað sem ég þarf varla að taka fram hér er skortur á góðum orðabókum. Nemendur mínir í Berlín geta orðið sér úti um vasaorðabók. Það er allt og sumt. Hér er staðan náttúrulega miklu betri að því er hin Norðurlandamálin varðar, að finnskunni meðtalinni.

Ég nefndi fyrir að fjöldatakmörkun er hjá okkur. Tekið er við 90 nýnemum á ári. Í sænsku, sem er vinsælasta málið, eru tveir byrjendahópar, þá er boðið upp á sérstök námskeið og í norsku og sænsku fyrir nemendur sem ekki leggja stund á norræn fræði. Að því er íslenskuna snertir hef ég reynt að taka við öllum stúdentum sem hafa sýnt íslensku áhuga. Stúdentum úr öðrum greinum og öðrum háskólum í Berlín er frjálst að taka einstök námskeið í íslensku ef þau eru ekki yfirfull. Miðað er við að ekki séu fleiri en 30 nemendur í byrjendanámskeiðum og þau ár sem ég hef verið í Berlín hefur sá kvóti verið nýttur í íslensku og vel það. Hef ég jafnvel tekið við 40 nemendum í byrjendnámskeið, því reynslan hefur sýnt að margir hætta á fyrstu vikunum, þegar þeir átta sig á því að ekki er nóg að mæta í tíma. Nemendur í gamla Magister-náminu í hinum ýmsu greinum, þar sem einkunnir einstakra námskeiða eru ekki reiknaðar í lokaeinkunn, þurfa ekki að hafa áhyggjur af lakri útkomu og taka sumir þeirra þar af leiðandi námið ekki eins alvarlega og B.A.-nemarnir. Þessi hópur eldri nemenda þynnist væntanlega mjög á næstu misserum um leið og nemendum í gamla Magister-náminu fækkar.

Svo ég víki aðeins að íslenskunámskeiðunum sem standa nemendum til boða þá eru þau *íslenska 1*, *íslenska 2*, *íslenska 3* og *íslenska 4*, hvert þeirra fjórir tímar á viku í eitt misseri. Auk þessa er reynt að bjóða upp á a.m.k eitt valnámskeið á hverju misseri fyrir fyrstaársnema, og annað fyrir lengra komna. Á fyrsta misseri hefur komist á sú hefð bæði í íslensku og finnsku að bjóða upp á námskeið í íslenskum framburði og á öðru misseri námskeið í málfræðiæfingum. Þessi námskeið taka flestir þeirra sem hafa hug á að hella sér út í íslenskuna af alvöru. Valnámskeiðin eru að nokkru leyti tilkomin vegna svipaðrar tilhögunar í skandinavísku málunum. Ég sé svo líka um byrjendanámskeið í forníslensku sem var

skyldunámskeið í gamla kerfinu en er það ekki í hinu nýja B.A.-námi í norrænum fræðum eða Skandinavistik eins og greinin kallast við Humboldt-háskólann.

Nú í sumar lauk fyrsti árgangur B.A.-nema í Berlín sínu íslenskunámi eða öllu heldur skyldunámskeiðunum fjórum, því ef þeir vilja geta þeir haldið áfram íslenskunámi og bætt við sig valnámskeiðum í íslensku á þriðja námsári sínu. Fyrir tæpum tveimur árum þegar þeir hófu nám sitt voru þeir 18 að tölu en fljótlega heltust nokkrir úr lestinni af ýmsum ástæðum. Þeir níu BA-nemar, sem enn voru í íslenskunni þegar annað árið hófst, höfðu staðist viðamikil próf í lok annars misseris og luku þeir allir öðru árinu. Fyrsta árið sem B.A.-námið var við lýði hætti rúmlega annar hver nýnemi í norrænum fræðum við Humboldt námi þar, ellegar skipti um grein eða skóla þannig að brottfallið í íslensku var því ekki meira en við mátti búast. Annar árgangur var heldur fámennari í íslensku en sá fyrsti en brottfallið þar hefur líka verið minna. Af 15 nemum fóru ellefu í próf í júlí síðastliðnum, þar af féllu tveir og þar sem þeir voru ekki að falla í fyrsta sinn verður þeim gert að hætta sínu íslenskunámi. Stefnir því í að það verði 9 nemar eða jafnmargir og í fyrra á öðru ári í íslensku í vetur.

Próf í málanámskeiðum eru orðin mikilvægari en þau voru og nú eru þær einkunnir sem nemendur fá fyrir íslensku reiknaðar inn í aðaleinkunn eins og við þekkjum frá Íslandi. Þetta er alveg nýtt í Þýskalandi og finn ég þar fyrir miklum mun. Nemendur taka íslenskunámið af meiri alvöru en áður var og vilja að sjálfsögðu fá góðar einkunnir á öllum prófum. Í gamla kerfinu fengu nemendur einkunn fyrir M.A.-ritgerðina og þau próf, munnleg og skrifleg, sem þeir þreyttu í afmörkuðum sérefnum við námslok en einkunnir úr öðrum prófum eins og íslensku skiptu nánast engu máli.

Auk B.A.-nema sitja enn flest námskeiðin eldri nemar sem eru skráðir í gamla Magister-námið og nemar úr öðrum greinum. B.A.-nemendur, sem velja íslensku, finnst mér leggja harðar að sér nú þegar þeir þurfa að standast próf og fá einkunnir sem verða hluti loka-einkunnar. Ekki er það síður hvetjandi að BA-nemar vita að þeir þurfa að vera í íslensku næstu tvö árin. Áður ætluðu nemendur sér oft ekki að taka nema eitt námskeið eða tvö og það oft án þess að hafa tíma til að leggja mikið á sig. Áður gengu margir með þær grillur að þeir myndu læra íslensku án fyrirhafnar og gufuðu þeir að sjálfsögðu upp ef þeir sinntu ekki íslenskunáminu sem skyldi og þar sem íslenskan var hvort eð er ekki skyldugrein þá kom það ekki að sök þótt þeir þyrftu að hætta í íslenskunni. Nú sit ég uppi með nokkuð stóran hóp nemenda sem ég þarf að koma í gegnum tveggja ára nám í íslensku. Ef einhverjir standast ekki próf hjá mér getur námsferill þeirra þar með verið á enda eins og raunin varð um tvo nemendur sem ekki stóðust próf í íslensku síðasta misseri.

Ekki verður farið að taka inn nemendur í M.A.-framhaldsnámið fyrr en haustið 2007 og ekki hefur ennþá verið gengið að fullu frá námsskipulagi á Masterstigi. Þó verður lögð áhersla á að bjóða upp á þverfaglegt nám og að M.A.-námið verði opið ekki eingöngu þeim stúdentum sem lokið hafa B.A.-prófi í norrænum fræðum. Er nú unnið hörðum höndum að því að semja og ganga frá inntökuskilyrðum og hvaða kröfur á að gera um forkunnáttu nemenda t.d. í norrænum málum. Síðast þegar ég frétti var orðið ljóst að við tökum þátt í námsbraut í Evrópskum bókmenntum, sem opin verður stúdentum er ekki kunna Norðurlandamál. Það þýðir eins og gefur að skilja talsverðar breytingar fyrir kennara að geta ekki gengið út frá því í öllum námskeiðum að nemendur séu a.m.k. læsir á Norðurlandamál. Í Þýskalandi eru flest námskeið yfirleitt kennd á þýsku, nema þau sem lektorarnir frá Norðurlöndum kenna.

Á M.A.-stigi stendur til að lektorar bjóði upp á framhaldsnámskeið í og á sínum málum, og þar með verða líka námskeið í íslensku í boði ef áhugi verður á því meðal nemenda. Verður spennandi að fylgjast með því hvort og þá hversu margir sýna íslensku á MA-stigi áhuga. Það er gert ráð fyrir að nemendur ljúki þremur námskeiðum í einu Norðurlandamáli, sem getur verið íslenska, og verður málakennslan á M.A.-stigi á hendi norrænu lektoranna. Þeir nemendur sem lærðu tvö mál á BA-stigi þurfa þá að velja milli þeirra á MA-stiginu.

Ég vil svo að lokum nefna það að möguleikar á að fara til námsdvalar á Íslandi eða hinum Norðurlöndunum hafa batnað á allra síðustu árum. Nemendur eru hvattir til þess að eyða a.m.k. einu misseri við háskóla á Norðurlöndum. Nú í haust halda a. m. k. fimm af mínum nemendum til Íslands, þrír í íslenskunám en tveir í aðrar greinar (sagnfræði og heimspeki). Þá veit ég af þremur öðrum sem hafa verið á Íslandi í sumar og unnið fyrir sér hér.